Járn í járn hjá Steinunni


Varla hefur það farið framhjá listunnendum, að nafn Steinunnar Þórarinsdóttur hefur heyrst hvað eftir annað, þegar kunngerðar hefa verið niðurstöður dómnefnda vegna samkeppna um listaverk á opinberum stöðum. Verk eftir Steinunni var valið í nýja stjórnsýslumiðstöð á Ísafirði og það kom í hennar hlut að setja upp minnisvarða um sjómenn á Grundarfirði. Síðast nú í vetur varð tillaga Steinunnar að kirkjulistaverki í Kópavogskirkju fyrir valinu eftir að samkeppni meðal nokkurra listamanna hafði farið fram.



Nokkur orð um STEINUNNI ÞÓRARINSDÓTTUR í tilefni skúlptúrsýningar, sem hún opnar á Kjarvalsstöðum í dag.


Þetta verður að teljast vel af stað farið hjá listakonu, sem er þó aðeins 35 ára; Steinunn er fædd í Reykjavík 1955 og er Reykvíkingur í húð og hár eftir því sem hún segir. Námsferill hennar er óhefðbundinn í þá veru, að hún fór í sitt grunnnám í Englandi og nam síðan skúlptúrfræðin þar og á Ítalíu. Síðan hún kom heim frá námi, hefur hún starfað að list sinni hér í áratug og haldið fimm einkasýningar; síðast á Kjarvalsstöðum 1987.

Eftir að Steinunn fór utan í listnám, gerði hún sér fljótlega ljóst, að skúlptúr höfðaði meira til hennar en önnur form myndlistar. Og þá er ekkert verið að spá í, hvað þetta getur verið erfið listgrein fyrir konur, vegna þess að sífellt þarf að vera að takast á við þunga hluti, grjót og járnplötur til dæmis. Að vísu er hægt að velja sér létt efni og vinna smá verk. En það er þó einmitt stór skúlptúr, sem heillar Steinunni meira. Það kemur af sjálfu sér, segir hún, þegar farið er að vinna með járn, að þeir skúlptúrar vilja verða stórir. Járnið er svo fallegt efni út af fyrir sig, eins og Þorgeir Þorgeirsson skáld segir í sýningarskrá Steinunnar: *„...líkamar okkar þurfa járn. Blóð okkar tekur lit af því. Sjón okkar mótast af járni því jarðlitirnir tveir, sá rauðbrúni og hinn dimmblái koma af samböndum járns við súrefni í loftinu. En þessir tveir standa vörð um græna litinn sem best róar sálina. Og fyrst járnið er í manninum og sál hans hlýtur maður að búa í hverri járnplötu. En það kostar átök að finna hann. Því járnið er frumefni í hreinu formi. Áferð þess er þegjandaleg. Það er lokað efni. En með heppni, þrautseigju, dálitlum galdri og miklu súrefni má þó töfra manninn og sál hans framúr járninu.“*




Frá manni til manns. Járn, 200x300x230 sm. 1989. Myndin er á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

Ljósmyndir:Lesbók/Sverrir



Draumur. Gifsmynd frá 1982.



Minnisvarði um sjómenn á Grundarfirði fjallar í rauninni um sjómannskonuna. Stallur er úr blágrýti, konumyndin úr bronsi og stílfært form, sem gefur hugmynd um brimskafl, er úr ryðfríu stáli.

Steinunn talar um nauðsyn þess að lofa járninu að njóta sín; reyna fremur að gera minna en meira, því einfaldir hlutir eru oft áhrifamiklir. Hún hefur reynt að höggva í stein; gerði það úti á Ítalíu - að sjálfsögðu í marmara. En það tók ekki huga hennar eins og járnið. Ekki tré heldur. Hún segist hafa látið það í friði, en tekur fram að listamðurinn eigi ekki að láta efnið ráða hugmyndunum, heldur öfugt. Og að það geti verið varasamt að festast um of í einhverju einu efni.

Ég spurði Steinunni um myndverkið, sem hún á eftir að vinna í Kópavogskirkju. *„Það verður úr steyptu gleri“*, segir Steinunn. *„Þá er glært gler brætt í þar til gerðum mótum, sem unnin eru í réttri stærð úr gifsi. Glermulningur er settur í mótin og allt er það sett inn í bræðsluofn. Þesskonar ofn höfum við á Korpúlfsstöðum.*

Það er fótaþvottur lærisveinanna úr Jóhannesarguðspjalli, sem lagður var til grundvallar við þessa samkeppni. Það leiðir hugann að vatni og glært glerið minnir á vatn. Þetta er einskonar skýrn. Að hluta til er verkið mannsmynd sem stendur út úr veggnum, - stendur á steini úr næsta nágrenni kirkjunnar, sem sagaður verður í tvennt. Helmingur hans verður áfram úti ásamt áletrun, svo verkið er í rauninni tvískipt; það verður bæði úti og inni.“

Það er allur gangur á því hvernig nútíma myndlistarmenn túlka Krist; sú hefðbundna ímynd hans sem flestir kannast við úr biblíumyndum og af altaristöflum er sjaldséð í nýrri kirkjulist. Aðspurð um þetta sagði Steinunn, að Kristsmynd hennar yrði stílfærð mannsmynd og án persónulegra sérkenna. Hún kvaðst hafa valið glært gler vegna líkingarinnar við vatnið, en einnig og ekki síður til þess að taka tillit til glugga Gerðar Helgadóttur, sem fyrir eru í kirkjunni, þannig að hvorttveggja njóti sín.

Sýningargestir á Kjarvalsstöðum munu sjá aðeins eina hlið á Steinunni eins og jafnan gerist á einni sýningu. Þar situr járnið alveg í fyrirrúmi; allt járn í járn, ef svo mætti segja. Þessari kynningu á listakonunni er hinsvegar ætlað að miðla því, að hún getur sýnt á sér aðrar og ólíkar hliðar eins og fram kemur af lýsingunni á kirkjuverkinu, sem væntanlega verður sett upp í Kópavogskirkju. Og til þess að bregða ljósi á fleira frá hendi Steinunnar, eru hér myndir af tveimur eldri verkum hennar; gifsmynd frá 1982 og minnisvarðanum um sjómenn á Grundarfirði, sem er áhrifamikið verk í einfaldleika sínum með náttúruskúlptúrinn Kirkjufell í baksýn.

GÍSLI SIGURÐSSON